

Bleikja ehf
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Egilsstaðir, 22. ágúst 2022
UST202203-043/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 2.8.2022 – Bleikja ehf. – Laugum, Landsveit

Þann 2. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Bleikju ehf., Laugum í Landsveit. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu, er varða:

- 1) Geymslu á spilliefnum. Rekstraraðila er bent á að koma í veg fyrir, eins og mögulegt er, að spilliefni berist út í umhverfið ef óhöpp verða.
- 2) Ófullnægjandi skráningar. Til að uppfylla kröfur um skráningar og vörslu upplýsinga, þurfa kvittanir að vera dagsettar og á viðurkenndu formi.

Eitt frávik kom fram, er varðar gr. 1.3 í starfsleyfi. Ekki var sótt um handhafabreytingu, m.t.t. þess að Bleikja ehf. tók við sem rekstraraðili af Veiðifélagi Eystri Rangár 1. júní 2021, fyrr en 29. september 2021.

Handhafabreyting var samþykkt þann 16. nóvember 2021 og er frávikinu því lokað.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur